

2. ágúst 2016

Til verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar

Efni: Umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands

Náttúruverndarsamtök Suðurlands fagna heilshugar tillögum verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um að setja Búlandsvirkjun í Skaftá og Þjórsá vestur (Kjalölduveitu) í verndarflokk.

Hinsvegar harma samtökin að virkjanir í neðri hluta Þjórsár og Skrokkölduvirkjun hafi verið færðar í orkunýtingarflokk. Samtökin telja óverjandi að fórna stærsta villta laxastofni Íslands, sem einnig hefur sérstöðu á heimsvísu, fyrir orku til stóriðju. Samtökin telja einnig að fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá hafi mjög neikvæð samfélagsleg áhrif á nærsvæði þeirra og að helstu atvinnugreinar svæðisins, landbúnaður og ferðaþjónusta geti orðið fyrir miklum skaða.

Samtökin leggja því eindregið til að fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði færðar í verndarflokk ásamt Skrokkölduvirkjun sem einnig hefði mjög slæm umhverfisáhrif og fellur þar með illa að hugmyndum um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Þá telja samtökin að virkjanatillögur í Hólmsá í Skaftárhreppi eigi skilyrðislaust að færast úr biðflokki í verndarflokk fyrir margra hluta sakir.

Skaftárhreppur er landbúnaðar- og ferðaþjónustuhérað. Þessar atvinnugreinar byggja algerlega á landinu og náttúru svæðisins og því er óviðunandi að farið verði í jafn óafturkræfar framkvæmdir sem vatnsaflsvirkjanir með stórum miðlunarlónum eru fyrir náttúruna. Þá vilja samtökin benda á beina tengingu Hólmsár við Torfajökulssvæðið þar sem í undirbúningi er á vegum aðliggjandi sveitarfélaga að stækka Friðland að fjallabaki og jafnvel að stofna þjóðgarð. Þessi tenging getur stóraukið tækifæri í ferðamennsku á svæðinu. Samtökin telja að hagsmunum svæðisins og íbúa þess verði best borgið með því að virkjanir í Hólmsá fylgi Skaftá (Búlandsvirkjun) inn í verndarflokk og friðlýsingarferli.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Gunnar Á. Gunnarsson

Ólafía Jakobsdóttir

Ragnheiður Jónasdóttir

Úlfur Óskarsson

Vigfús Andrésen